

## Almennar vinnureglur við ráðningar sumarstarfsfólks hjá Hafnarfjarðarbæ 2015

1. Almenn sumarstörf hjá Hafnarfjarðarbæ verða auglýst laus til umsóknar og allar umsóknir fari í gegnum sama farveg. Hver umsækjandi getur sótt um fleiri en eitt starf sem og óskað eftir að vinna á ákveðnu tímabili. Sótt er um sumarstörf á vef Hafnarfjarðarbæjar. Hægt er að fá aðstoð við útfyllingu umsókna í Þjónustuveri Strandgötu 6 og í Vinnuskóla Hrauntungu 5.
2. Sumarstörfin verði auglýst eigi síðar en 10. mars og tekið verði við umsóknum frá 9. mars til 1. apríl árið 2015.
3. **Ekki verði tekið við neinum umsóknum eftir að umsóknarfresti lýkur.**
4. Ráðningartími í flest störfin er um 6- 7 vikur fyrir 18 – 20 er 216 klst., en ca. 4 vikur fyrir 17 ára og starfar sá hópur samtals í um 120 klst. 21 árs og eldri starfa í 264 klst.
5. Forgangshópur vegna ráðningar eru þeir sem eiga lögheimili í Hafnarfirði.
6. Þeir sem eru án sumarvinnu hafa forgang vegna ráðningar í sumarstörf. Þeir sem eru á launum eða lífeyri s.s. í orlofi, fæðingarorlofi, launuðu námsleyfi eða ellilífeyri fá ekki sumarvinnu.
7. Horft verði til umsagnar skv. matskerfi úr Vinnuskóla og / eða umhverfi og framkvæmda við val á starfsfólki, þar sem við á. Fulltrúar Vinnuskólans og umhverfi og framkvæmda ráða sumarstarfsmenn og fulltrúar íþróttafélaga þá sem munu starfa þar. Áður en nýir starfsmenn eru ráðnir, sem ekki hafa unnið áður í sumarstarfi, skal fara fram ráðningarviðtal fyrir 18 ára og eldri.
8. Aldurstakmörk sem kynnt eru í upplýsingum um störf verði virt við ráðningar.
9. Öllum umsækjendum verður svarað með formlegum hætti í síðasta lagi í byrjun maí. Skrifstofa Vinnuskólans ber ábyrgð á því að svara umsækjendum.
10. Gerður verður ráðningasamningur við sumarstarfsmenn 18 ára og eldri sem ráðnir verða.